

**Nefndasvið Alþingis**  
**Efnahags- og viðskiptanefnd**  
**b/t Selma Hafliðadóttur, nefndarritara**  
**Austurstræti 8 - 10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 29. desember 2006.

Efni: Frumvarp til laga um brotfall laga nr. 134/1993 um iðnaðarmálagjald (16. mál)

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem er ætlað að leggja niður iðnaðarmálagjald.*

Samtök iðnaðarins njóta mikillar sérstöðu í samanburði við önnur samtök fyrirtækja í landinu þar sem ríkið leggur iðnaðarmálagjald á öll fyrirtæki sem starfa í iðnaði, innheimtir þau og veitir þeim síðan til samtakanna. Því má segja að um nokkurs konar skylduaðild að samtökunum sé að ræða auk þess sem ríkið annast innheimtu félagsgjaldanna. Engin önnur samtök hérleidis njóta slíkra forréttinda.

#### **Skylduaðild?**

Með gjaldinu er öllum fyrirtækjum sem starfa í iðnaði skylt að greiða til Samtaka iðnaðarins, hvort sem þau eru aðilar að samtökunum eða ekki. Samtökin hafa ekki viljað meina að um skylduaðild sé að ræða. Þau viðurkenna það samt óbeint í 1. mgr. 14. gr. laga samtakanna með því að líta á gjaldið sem hluta af félagsgjöldum þeirra sem greiða það. Í 74. gr. stjórnarskráinnar er kveðið á um að engan megi skylda til aðildar að félögum. Fyrirkomulag sem þetta stenst ekki þau markmið sem félagafrelsísákvæði stjórnarskráinnar stefnir að.

#### **Jafnræði**

Önnur samtök fyrirtækja í landinu verða að reiða sig á frjálsa félagsaðild og verða að sætta sig við að innheimta félagsgjöld frá þeim sem kjósa að greiða þau, eins og eðlilegt er. Þessi forréttindi skapa mjög ójafna stöðu og erfiða rekstur annarra samtaka fyrirtæka og girða fyrir að iðnfyrirtæki geti stofnað með sér önnur samtök, t.d. ef þau eru ósammála stefnu Samtaka iðnaðarins.

Iðnaðarmálagjald er óréttlát tímaskekkja sem löngu er tímabært að afnema. Í stefnu Samtaka iðnaðarins segir að meginhlutverk þeirra sé m.a. að þjóna íslenskum iðnaði og gæta hagsmuna hans. Ef samtökin bera hag iðnfyrirtækja sannanlega fyrir brjósti ættu þau að hafa forgöngu um að þau þurfi ekki að sæta óeðlilegri gjaltdöku eins og þessari.

**Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið verði að lögum.**

Virðingarfyllst,

---

Davíð Þorláksson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs